

Reykjavíkurborg
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Skipulagsvið: Puríður María Guðmundsdóttir

Sent á samradsgatt.is

Reykjavík, 26.sept.2024

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats Kjalarnes og dreifbýl svæði

Landvernd lýsir ánægju með að nú gefist íbúum á Kjalarnesi og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri að taka virkan þátt í að marka stefnu með Reykjavíkurborg til næstu framtíðar um margháttaða landnotkun ekki síst í dreifbýli Kjalarnes þar sem við blasa breyttir búskaparhættir og samfélagsgerð sem og fram kemur í lýsingu þessari.

„að beina sjónum að stefnuákvæðum aðalskipulagsins um landbúnaðarsvæði og önnur strjálbyggð svæði, opin svæði og óbyggð“

Megin viðfangsefni og afmörkun aðalskipulagsbreytingar

Landvernd leggur áherslu á helstu viðfangsefni sem tilgreind í aðalskipulagsbreytingu. Í kafla 2.1. er komið inn á mikilvægi þess „að stuðla að breytingum til að efla byggð, mannlíf og náttúru á svæðinu“ Jafnframt kemur fram áhersla á mikilvægi þess

„að virða sérstöðu Kjalarness sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar, auk þess að stuðla að því að Grundarhverfi verði sjálfbær þéttbýliskjarni“

Að mati Landverndar hefur Kjalarnesið mikla sérstöðu og um leið mikil tækifæri á að vinna skipulagið í sátt við umhverfi og samfélag, en um er að ræða stærsta afmarkaða landbúnaðar og dreifbýlissvæði Reykjavíkur sem býður upp á nýja nálgun og tækifæri í ljósi landfræðilegrar legu í næsta nágrenni Reykjavíkur. Landvernd vill áréttta að allar aðgerðir hvað varðar landnotkun og framkvæmdir eiga að taka mið af loftslagsbreytingum. Sveitarfélög hafa sérstaklega viðamiklu ábyrgðarhlutverki að gegna þar sem flest stærstu stjórnstækin eru til staðar sem beita þarf í baráttunni gegn hamfarahlýnun. Landnotkun í skipulagi gegnir þar stærstu hlutverki og einmitt í þessu skipulagi á Kjalarnesi á Reykjavíkurborg mjög mikil tækifæri að vera virk í aðgerðum sem miða að sjálfbærri landnotkun í ljósi loftslagsmála og hlúa um leið að og efla líffræðilega fjölbreytni á skipulagssvæðinu.

Grundarhverfi og þróun þéttbýlis á Kjalarnesi

Landvernd fagnar því að stefnt sé að því að Grundarhverfi verði sjálfbærara, sem líta verður svo á að nú þegar séu verkefni þess aðlis í gangi þó ótilgreind séu. Við skipulagstillögu þarf að skýra nánar hver sjálfbærni-verkefnin eru og setja fram tímamælda aðgerðaráætlun svo

markmið náist. Landvernd fagnar að öðru leyti sýndan áhuga í verkefna­lýsingu á sjálfbærri þróun í Grundarhverfi en og hvetur að sjálfsögðu að sjálfbærni verði leiðarstef innan alls skipulags­svæðisins. Landvernd bendir á möguleika í þróun kjarnasamfélags á svæðinu (e. co-housing).

Fjölbreyttari atvinnutækifæri á Kjalarnesi og efling þjónustu

Landvernd telur ótímabært í ljósi stöðu áformaðar Sundabrautar að sett verði fram veigamiklar skipulagsbreytingar meðan niðurstaða liggur ekki fyrir hvort af framkvæmdum verður en um framkvæmdina ríkir mikil óvissa.

Landbúnaðarsvæði

Í skipulagslýsingu segir að reglur um landnýtingu á bújörðum verði endurmetnar. Í kafla 2.2. kemur eftirfarandi fram

“Breyttar byggðaforsendur í strjálbýlinu, þar sem hlutur lands sem ætlað er fyrir matvælaframleiðslu og hefðbundna landbúnaðarnýtingu fer síminnkandi”

Almennt er því svo farið landið um kring að hefðbundinn búskapur hefur dregist gríðarlega saman á allra síðustu áratugum og bújörðum í þeim skilningi fækkað mjög ört. Á sama tíma hafa stöku bújarðir stækkað á móti þannig að margt má segja líkt um samþjöppun í landbúnaði og sjávarútvegi þar sem segja má að þróunin sé meira í átt til verksmiðjubúskapar á fárra höndum. Eftir stendur hinsvegar mikill fjöldi yfirgefna jarða, sem reyndar margar hverjar hafa fengið nýtt hlutverk m.a. atvinnuskapandi ferðaþjónustutengd verkefni. Í þessari stöðu felast að mati Landverndar hinsvegar mikil tækifæri á Kjalarnesi ekki síst þegar litið er til sjálfbærni og loftslagsmála.

Í kafla 2.2. kemur einnig fram

“Það getur verið flókið verkefni að flétta saman í aðalskipulagi ólíkar áherslur sem birtast í stefnuskjölum stjórnvalda, s.s. um vernd landbúnaðarlands og tryggingu matvælaöryggis, skógrækt til bindingar, vernd búsvæða og líffræðilegs fjölbreytileika, endurheimt votlendis og vernd landslagsheilda.”

Landvernd getur hér tekið undir að því marki að skýrar leiðbeiningar og stefnur skortir í of miklum mæli frá stjórnvöldum og má í þeim efnum líta til Landskipulagstefnu sem ætti að vera leiðandi grunnur fyrir sveitarfélög. Meðal annars má halda því fram að viðmið og mælikvarðar t.d. ofangreint um „vernd landbúnaðarlands“ sé mjög matskennt fyrir sveitarfélög að vinna með. Landvernd leggur áherslu á í þessum efnum að sveitarfélög horfi fyrst og fremst til landnýtingar með tilliti til sjálfbærrar þróunar og með áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í dreifbýli Kjalarness þar sem breytingar hafa átt sér stað vegna mikils samdráttar hefðbundnum búskap sem kemur fram í verkefna­lýsingu eru hinsvegar mikil tækifæri að setja fram metnaðarfulla og aðgerðarmiðaða stefnu um landnotkun með tilliti til loftslagsmarkmiða sem sett hafa verið og þá helst um samdrátt í losun.

Endurheimt votlendis – líffræðileg fjölbreytni

Á Kjalarnesi eins og víðast um landið hefur verið ræst fram gríðarlega mikið af votlendi og það langt umfram þörf vegna ræktarlands. Staðan er því sú að langflest sveitarfélög sitja uppi með töluvert magn af framræstu landi sem lítið sem ekkert hefur verið nýtt til ræktunar. Í annan stað er eins og fram kemur í verkefnalýsingu hefur bújörðum fækkað stórlega og þar með ræktarlandi sem engin þörf er lengur fyrir. Á mörgum þessara svæða er sannarlega hægt að grípa til ábyrgra aðgerða með því að setja fram stefnu og aðgerðaráætlun um markvissa endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur og þar með talið að sjálfsögðu lendur í eigu sveitarfélagsins. Með endurheimt votlendis eru slegnar tvær flugur í einu höggi þar sem endurheimt votlendis er eins og ótal skýrslur sýna skjótvirkasta og árangursríkasta leiðin til að stöðva losun CO₂. Að sama skapi er annað markmið sem Ísland þarf að uppfylla og það er viðhald og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni. Endurheimt votlendis er einmitt einnig skjótvirkasta leiðin til að stórauka og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, má þar nefna búsvæði fyrir fuglategundir sem eiga undir högg að sækja svo fátt eitt sér nefnt.

Ætla má í ljósi áframhaldandi ágangs á land meðal annars með framræsingunni votlendis þá sé fátt sem stöðvi þá þróun nema því aðeins að sveitarfélög taki hlutskipti sitt alvarlega. Staðan er grafalvarleg hér á Íslandi því þrátt fyrir fögur fyrirheit um átak í endurheimt votlendis vegna losunar CO₂ þá er í dag straðreynd að endurheimt votlendis nær ekki einu sinni að halda til mótvægis við nýja framræsinguna lands sem því miður er oftast en ekki framkvæmt án framkvæmdaleyfis frá sveitarfélagi sem er þó skilyrði fyrir framræsingunni. Landvernd álitur það mikið áhyggjuefni hversu sveitarfélög á landsvísu hafa verið treg til að hvetja landeigendur til að endurheimta votlendi á aflögðu framræstu ræktarlandi.

Einmitt í ljósi þess að mikill samdráttur hefur verið í hefðbundnum búskap þá á Kjalarnes nú sem eina dreifbýlissvæði höfuðborgarinnar því hér um einstakt tækifæri til að ráðast í endurheimt votlendis og um leið líffræðilegs fjölbreytileika svo sem aukningu á fjölbreyttri flóru og fuglafánu. Til áréttingar um mikilvægi þess að sveitarfélög og í þessum efnum Reykjavíkurborg taki hlutverk sitt alvarlega er viðeigandi að vitna hér [til helstu staðreynda og sérfræðinga](#) sem Ísland hefur á að skipa um hvernig sveitarfélög þurfa að bregðast við í skipulagsmálum gagnvart endurheimt votlendis.

„Að lokum fjallaði Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, um losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og sagði frá verkefnum sem hann hefur unnið um kolefnisspor nokkurra sveitarfélaga sem samanlagt ná yfir meira en tvo þriðju af öllu framræstu votlendi á Íslandi. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þessara verkefna má rekja yfirgnæfandi meirihluta af heildarlosun viðkomandi svæða til landnotkunar – og er losun frá framræstu votlendi þar langstærsti einstaki losunarpátturinn. Stefán lagði í máli sínu áherslu á þau miklu tækifæri sem felast í að draga úr losun hér á landi með verndun óraskaðs votlendis og endurheimt votlendis á óræktuðu landi. Skilaboð Stefáns voru skýr, að þáttur framræsts votlendis í heildarlosun Íslands kalli á tafarlausa endurskoðun aðalskipulags allra sveitarfélaga.“

Í töflu bls 23 sést má sjá hversu mikið af framræstu votlendi Kjalarnes hefur að geyma í hlutfalli við önnur svæði.

Stefnumál í verkefnalýsingu og viðauka.

Í viðauka sem fylgir verkefnalýsingu er greint frá vinnu starfshóps þar sem fram kemur sérstök áhersla á verndun landbúnaðarlands en um leið lýst miklum áhyggjum af þróun byggðar í dreifbýli þar sem hefðbundinn búskapur hefur lagst af. Að sama skapi er lýst áhyggjum af vaxandi þaueldi sem ekki verður annað lesið en að eigi að sporna við frekari vexti þar sem um verksmiðjubúskap sé að ræða á jörðum er ræktarland ekki nýtt í hefðbundnum skilningi sem starfshópur virðist hafa sérstakan áhuga á. Hér er vandséð hvernig eigi að bakka aftur til búskaparháttu sem bændasamfélagið sjálft hefur raunverulega dæmt að gangi ekki upp með tilliti til smærri búskapar hvort þá heldur er í nautgripa eða sauðfjárrækt.

Mikil áhersla virðist á skógrækt og Græni trefillinn oft nefndur til sögunnar í þeim efnum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að marka mun skýrari stefnu um skógrækt sem Landvernd fagnar. Í því sambandi vill Landvernd minna á mikilvægi þess að velja skógarplöntur sem hæfa landinu með tilliti til þeirrar stefnu sem sköpuð verður og þá hvernig skuli sem stefnt er að varðveita og vernda ásýnd og landgæði Kjalarness fyrir íbúa og gesti.

Fyrir liggur að veruleg mistök hafa þegar átt sér stað við plöntun trjategunda á leið græna trefilsins svokallaða sem liggur við jaðar byggðar á stórhöfuðborgarsvæðinu. Landvernd leggur því gríðarlega þunga áherslu á að samstarf við skógræktina verði endurskoðað með tilliti til plöntunar trjáa svo ekki hljótist meiri skaði af en þegar er orðinn meðal annars vegna óæskilegrar útbreiðslu og sjálfsáningar trjáa á borð við stafafuru sem hefur víða haft afdrifaríkar afleiðingar á lendur sem höfðu áður mikinn lífbreytileika. Má þar nefna neikvæð áhrif á birkiskóga og lífríkt mólendi með búsvæðum margra fuglategunda. Með eftirlitslausri plöntun framandi trjategunda hafa margvíslegar lágjurtir, lyngmóar og vel gróið náttúrlegt og fjölbreytt land horfið vegna ágangs eftirlitslausrar skógræktar. Skógrækt getur hinsvegar verið sannarlega af hinu góða sé hún vel skipulögð og trjategundir valdar sem hæfa og draga ekki stórlega úr lífbreytileika svæða sem því miður er orðin veruleiki meðal annars á græna treflinum. Þar er ekki að því er virðist vöktun á á framvindu skóglendis og eða grisjun sé sinnt og ekkert eftirlit virðist við útbreiðslu framandi trjategunda á kostnað líffræðilegrar fjölbreytni á vel grónum svæðum við græna trefilinn.

Landvernd treystir því sem fram kemur í verkefnalýsingu og viðauka að Reykjavíkurborg muni endurmeta skipulag skógræktar á Kjalarnesi sem og annarsstaðar á þeim svæðum borgarinnar sem ráðist hefur verið í viðamikla skógrækt. Mikilvægt er að landgræðsluhluti hinnar nýju stofnunnar Lands og skógar fái að koma að ráðgjöf um landnýtingu rétt eins og skógræktin.

Náttúra og útivist

Landvernd hvetur Reykjavíkurborg til að friðlýsa í frekari mæli svæði innan Kjalarness svo sem eyjar og mikilvæg lífrík búsvæði fugla og smádýra og má þá líta til þeirra svæði sem nú þegar eru tilgreind eru í hverfisvernd bls 19. Landvernd vill einmitt leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þeirra einstöku náttúrugæða sem er að finna í nálægð höfuðborgarinnar á Kjalarnesi.

Reykjavíkurborg á einnig mikil tækifæri að vernda sérstaklega vogskornar stendur Kjalarness ár og vatnasvið sem þar er að finna ásamt votlendum svæðum sem eiga sífellt meir undir högg að sækja. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg með margskonar mannvirkjagerð gengið mjög á náttúrulegar fjörur og lífríkar leirur í og við höfuðborgina og því er gríðarlega mikilvægt að vernda það sem eftir stendur lítt eða óraskað. Náttúrulegar fjörur og stendur hafa verið um of vanmetin hvað varðar t.d. útivistarmöguleika og allt lífríki sem þar er að finna. Öllum ljóst vera að Esjan er gríðarlega eftirsótt göngusvæði og útivist hverskonar verður sífellt stærri og mikilvægari hluti í lýðheilsumálum íbúa og þá ekki síst borgarbúa sem nýta sér Esjuna í miklum mæli til heilsueflingar, þá er Skálafell sömuleiðis áhugavert útivistarsvæði fyrir gönguferðir.

Samgöngur

Landvernd telur ótímabært í ljósi stöðu áformaðar Sundabrautar að sett verði fram veigamiklar skipulagsbreytingar meðan niðurstaða liggur ekki fyrir hvort af framkvæmdum verður.

Lokaorð

Hér hefur aðeins verið stiklað á nokkrum áhersluatriðum er varðar verkefnalýsingu vegna aðalskipulag Kjalarness og Landvernd mun síðan fylgjast með framvindu skipulagssins og kynningum sem eiga eftir að fara fram á seinni stigum máls. Með ósk um að Reykjavíkurborg, íbúum Kjalarness og öðrum hagsmunaaðilum farnist vel í þeirri vinnu sem er framundan þar sem viðkomandi aðilar eru eindregið hvattir að vanda til verka þegar um svo viðamikið og mikilvægt skipulagsmál er að ræða í nálægð höfuðborgarinnar.

Með vinsemi og virðingu,

*f.h. stjórnar Landverndar
Þorgerður María Þorbjarnardóttir*